

Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík



Efni: Umsögn um breytingatillögu á ákvæði til bráðabirgða í 154. máli

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu um breytingu á orðalagi í 154. máli, er barst undirrituðum umsagnaraðilum 17. desember sl., þar sem óskað var viðbragða umsagnaraðila í málinu.

Samtök ferðapjónustunnar, f.h. Icelandair, Isavia og Play (hér eftir: umsagnaraðilar), eftir að hafa haft samráð við framangreind félög, benda á eftirfarandi atriði vegna tillögunnar:

1. Gildistími laganna of langur

Um er að ræða íþyngjandi löggjöf sem sett er vegna óeðlilegs ástands. Af þeim sökum er eðlilegt að gildistími laganna sé takmarkaður við nærtíma og að regluleg endurskoðun eigi sér stað út frá mögulega breyttum aðstæðum. Einnig er ljóst að íþyngjandi áhrif eru líkleg til að aukast eftir því sem farþegafjöldi verður meiri og því mikilvægt að endurskoðun fari fram áður en háönn skellur á í sumar. Umsagnaraðilar leggja því áherslu á að gildistími laganna sé takmarkaður til 31. mars 2022.

2. Aukið íþyngjandi flækjustig

Umsagnaraðilar hafa áður komið því á framfæri við nefndina að núgildandi ákvæði hafa í för með sér aukið flækjustig í framkvæmd, m.a. vegna samskipta og ábyrgðar mismunandi afgreiðsluaðila flugfélaga á erlendum flugvöllum sem starfa fyrir flugfélögin í verktöku. Um séríslenskar reglur er að ræða sem þarf að koma í sérstaka framkvæmd hjá ótal mismunandi afgreiðsluaðilum flugfélaga í fjölmörgum löndum. Að mati umsagnaraðila er líklegt að breytingatillagan auki flækjustig enn frekar. Utanumhald með framfylgd laganna hjá mismunandi afgreiðsluaðilum á fjölda mismunandi flugvalla er þungt í vöfum og hver viðbót við gagnasöfnun og eftirlit bætir flækjustigið og eykur því áhættuna af því að flugfélögum verði gert að greiða sekt vegna mannglegra mistaka. Séríslenskar reglur af þessu tagi hafa einnig neikvæð áhrif á samskipti við erlend flugfélög um framboð flugsæta til landsins sem er lykilþáttur í viðspyrnu ferðapjónustu og hefur því bein efnahagsleg áhrif, m.a. á tekjuforsendur fjárlaga.

3. Óljóst hvernig gagnaskilum skal háttáð, þrátt fyrir ákvæði um stjórnvaldssektir

Í breytingatillögunni er kveðið á um að flugrekendur skuli tilkynna stjórnvöldum hér á landi um nafn farþega sem ekki hafa forskráð sig eða framvísað tilskildum gögnum skv. lögnum. Ekki kemur fram með hvaða hætti, til hvaða stjórnvalds og innan hvaða tímaramma slík skil skulu fara fram. Að mati umsagnaraðila er ótækt annað en að slík skilyrði liggi ljóst fyrir þegar löggjafinn leggur til ítarleg ákvæði um beitingu stjórnvaldssekta séu skilyrðin ekki uppfyllt, óháð því hvort sekt flugrekanda eða aðila sem starfar á vegum hans verður sönnuð. Séu tímafrestir á skilum mjög skammir verður ákvæðið mun meira íþyngjandi fyrir flugfélögin og eykur flækjustigið enn frekar. Það er því sanngjörn krafa að þetta komi skýrt fram í lögnum en að ráðherra verði ekki veitt opin heimild til að ákveða þetta í reglugerð.

4. **Markmið laganna um að minnka þörf á tvöfaldri skoðun gagna afar mikilvæg**

Eitt af mikilvægum markmiðum lagasetningarinnar í upphafi var að minnka þörf á tvöfaldri skoðun gagna (við byrðingu og við komu til landsins) sem farþegar þurfa að framvísa til að uppfylla skilyrði stjórnvalda vegna sóttvarna á landamærum. Ljóst er að það markmið hefur ekki náðst heldur er tvöföld skoðun gagna enn fremur regla en undantekning og veldur töfum, smithættu og verulega neikvæðri upplifun hjá farþegum við komu til Keflavíkur, svo verulega að hægt er að segja með vissu að það sé farið að hafa efnahagsleg áhrif. Umsagnaraðilar telja ekki ljóst að breytingatillagan sé líkleg til að vinna að þessu mikilvæga markmiði og vara alvarlega við því að löggjafinn geri breytingar sem auka líkur á að tvöföld skoðun gagna verði áfram meginregla í sóttvörnum. Umsagnaraðilar hvetja því nefndina til að tryggja að breytingar á lögnum hafi raunveruleg áhrif í þá átt að koma í veg fyrir þörf á tvöfaldri skoðun gagna. Í því samhengi, og með vísan til fyrri reynslu um lítinn árangur framkvæmdavaldsins í að uppfylla það markmið laganna, vísa umsagnaraðilar til þess að styttri gildistími (sbr. lið 1) myndi gefa nefndinni beint tilefni til að fylgja því markmiði breytinganna vel eftir.

5. **Betri tengingu við forskráningu vantar til að hægt sé að nýta stafrænar lausnir**

Núverandi framkvæmd er verulega þyngjandi fyrir farþega sem geta notast við innritun í snjallsíma eða sjálfsafgreiðsluvélum þar sem tæknin er þannig í dag að hægt er hlaða inn vottorðum stafrænt en ekki forskráningarstríkamerkinu. Breytingin gefur færi á að nýta stafrænar lausnir til að halda utan um gögn farþega, en til að það sé mögulegt og til að minnka flækjustig á flugvöllum erlendis er mikilvægt að lausnir og kvaðir vegna sóttvarna (forskráning á covid.is og kvaðir á flugrekendur um athugun gagna) tali saman svo að beina megi sem flestum farþegum í stafrænar lausnir og sjálfvirka innritun. Ef flugfélagið er með stafræna lausn til að taka við gögnum (vottorðum og forskráningu) áminningu og yfirlýsingu um að forskráningu sé lokið í sjálfvirku innritunarferli, þá ætti mikill meirihluti farþega sem nota sjálfvirkar innritunaraðferðir að uppfylla skilyrði um forskráningu. Ef öllum þessum farþegum er hins vegar beint í hefðbundna innritun vegna kröfu um könnun tefur það innritunarferlið til muna fyrir alla farþega, sérstaklega á flugvöllum í Evrópu sem byggja mest á sjálfvirkri innritun. Hér er því mikilvægt að staðfesting á forskráningu (stríkamerki) sé á því formi að hægt sé að koma hlaða því upp í stafrænar lausnir flugrekenda. Það væri jafnframt eðlilegra að fella þá skyldu niður gagnvart flugfélögum að ganga úr skugga um að forskráning hafi átt sér stað en að í staðinn væri flugfélögum gert að vekja athygli á skyldu til forskráningar. Það sem gerist í raun þegar farþegi mætir til landsins án forskráningar er að forskráningin er almennt kláruð á Keflavíkurlflugvelli.

6. **Skýndilegar breytingar ógna fyrirsjáanleika á ferðaþjónustumarkaði**

Umsagnaraðilar benda á þá staðreynd, sem margítrekuð hefur verið í umsögnum til nefnda Alþingis og gagnvart ráðuneytum og stofnunum, að einn mikilvægasti grundvöllur árangursríkrar ferðaþjónustu er stöðugleiki og fyrirsjáanleiki. Breytingatillagan sem um ræðir kemur fram á afar skömmum tíma, að því er virðist sem viðbrögð við athugasemdum ESA. Að mati umsagnaraðila er ekki ljóst að þörf sé á svo hröðum viðbrögðum og mögulega væri skynsamlegt að vega og meta möguleika betur í samráði við umsagnaraðila og aðra ferðaþjónustuaðila til að meta áhrif mismunandi lausna á markaði ferðaþjónustu, með það fyrir augum að tryggja sem best jafnvægi milli sóttvarna og efnahagslegra þátta.

7. Óljós orðalagsbreyting um tilskilin gögn í a. lið stangast á við sóttvarnareglugerð

Í a. lið er lögð til breyting á orðalagi sem virðist leiða til efnislegrar breytingar þar sem möguleiki á að skila mótefnavottorði er fallinn brott. Það stangast á við c. lið 7. gr. og a. lið 8. gr. reglugerðar nr. 1240/2021 um sóttkví og einangrun og sóttvarnarráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19. Umsagnaraðilar telja afar mikilvægt að fullt samræmi sé milli skilyrða sem sett eru í þessum tveimur grundvallar fyrirmælum stjórnvalda sem þeim er gert að vinna samkvæmt.

Umsagnaraðilar áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri SAF